

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 173/2003**

**frá 5. desember 2003**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2003 frá 7. nóvember 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/34/EB frá 26. maí 2003 um tuttugustu og þriðju breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (efna sem eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða skaðleg fyrir æxlun) <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/36/EB frá 26. maí 2003 um tuttugustu og fimmtu breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnisýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (efna sem eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytivaldandi eða skaðleg fyrir æxlun) <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/53/EB frá 18. júní 2003 um tuttugustu og sjöttu breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (nónýlfenóls, nónýlfenóletoxýlats og sements) <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 76/769/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32003 L 0034**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/34/EB frá 26. maí 2003 (Stjtið. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 14),

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 35 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 7, 12.2.2004, bls. 27.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 14.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 26.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 24.

- **32003 L 0036:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/36/EB frá 26. maí 2003 (Stjtið. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 26),
- **32003 L 0053:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/53/EB frá 18. júní 2003 (Stjtið. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 24).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2003/34/EB, 2003/36/EB og 2003/53/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 6. desember 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*Prins Nikulás af Liechtenstein*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.